

Fálkasetur Íslands

-fundargerð-

19. fundur stjórnar Fálkaseturs Íslands er símafundur, haldin miðvikudaginn 25. mars 2015 kl. 14:00. Mættir eru Hjörleifur, Aðalsteinn, Sverrir, Jón Halldór og Ari Páll.

Gengið var til dagskrár:

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Niðurstaðan var að halda verkaskiptingu stjórnar óbreyttri þ.e. Hjörleifur er formaður, Aðalsteinn er varaformaður, Sverrir er gjaldkeri og Jón Halldór og Ari Páll meðstjórnendur.

2. Styrksumsóknir

Rætt var um að sækja um styrk til Náttúruverndarsjóðs Pálma Jónssonar, Vaxtarsamning Norðausturlands og Vína Vatnajökuls. Til að byrja með verður sótt um styrk fyrir hönnun sýningar. Hjörleifi falið að skoða fyrri umsóknir Fálkaseturs og deila út verkefnum fyrir umsóknina í Náttúruverndarsjóðinn.

3. Önnur mál

a. Ari Páll ræddi hugmynd sem komin er frá Daða Lange um að Fálkasetrið myndi standa að einhverjum viðburði í til að kynna Theodór frá Bjarmalandi. Hugmyndinni vel tekið og nokkuð rædd en engin ákvörðun tekin.

b. Næsti fundur stjórnar ákveðinn þriðjudaginn 14. apríl 2015, kl. 14:00. Það verður símafundur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:45,

Aðalsteinn Örn Snæpórsson